

# Lög

um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki.

---

## I. KAFLI

**Breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994.**

1. gr.

43. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeim sem lokið höfðu fyrsta prófhluða prófs til viðurkenningar bókara fyrir 1. apríl 2021 skal gefinn kostur á að ljúka öllum prófhlutum fyrir 1. apríl 2024.

Ráðherra skipar án tilnefningar þrjá menn í prófnefnd sem skal sjá um undirbúning og framkvæmd prófa samkvæmt ákvæði þessu.

Kostnaður við prófin, þ.m.t. þóknun prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður. Prófnefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. apríl 2024.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997.**

3. gr.

Orðin „sbr. þó II. kafla“ í 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

4. gr.

4. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

II. kafli laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015.**

6. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Við gerð samnings skal fasteignasali gæta að skyldum samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. um framkvæmd áreiðanleikakönnunar og könnun á raunverulegum eiganda eftir því sem við á.

## 7. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Eftirlitsnefnd fasteignasala berast upplýsingar um að maður sem hefur ekki fengið lög-gildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi, sjálfstætt eða í félagi, eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur skal hún með atbeina lögreglu loka viðkomandi starfsstöð eða starfsemi þegar í stað.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000.**

8. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XVI. kafli, **Frjáls uppboð**, með einni nýrri grein, 99. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina samkvæmt því:

*Uppboð.*

Sá sem ber ábyrgð á uppboði á lausafé er nefndur uppboðsstjóri.

Uppboðsstjóri má hvorki gera boð á uppboði sjálfur né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir upp áður en uppboð hefst.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, sem leggjast ofan á söluverð, greiðslu-skilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skyld að geta og hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Munir sem bjóða á upp skulu vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboð, hvort sem er á uppboðsstað eða með rafrænum hætti.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

## V. KAFLI

**Breyting á höfundalögum, nr. 73/1972.**

9. gr.

1. málsl. 8. mgr. 25. gr. b laganna fellur brott.

## VI. KAFLI

**Brottfall laga um verslunarvatvinnu, nr. 28/1998.**

10. gr.

Lög um verslunarvatvinnu, nr. 28/1998, falla úr gildi.

## VII. KAFLI

**Brottfall laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga  
eða hagfræðinga, nr. 27/1981.**

11. gr.

Lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981, falla úr gildi.

## VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.**

12. gr.

23. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 19. apríl 2021.*